

# Jarðstrengur frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1

## Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 2. ágúst 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um lagningu jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 og 13.02 í 1. viðauka laganna.


Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Orkustofnunar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðstrengur frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1 – Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu. Landsnet, 2. ágúst 2022

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Norðurþingi 11. ágúst 2022, Þingeyjarsveit 2. september 2022, Minjastofnun Íslands 26. ágúst 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 6. september 2022 og Náttúrufræðistofnun Íslands 1. september 2022.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir strengleið og tengivirki (fengið úr greinargerð framkvæmdaraðila)



Fyrirhuguð framkvæmd felst í að leggja nýjan 66 kV jarðstreng frá Þeistareykjum norður að Kópaskerslínu 1. Um er að ræða 7,8 km langan streng frá tengivirki við Þeistareykjavirkjun að mastri nr. 172 í Kópaskerslínu 1. Strengurinn mun liggja í vegkanti gamla vegslóðans að Þeistareykjum. Sökum stærðar er ekki hægt að plægja strenginn í jörð heldur þarf að grafa um 80 cm breiðan og 120 cm djúpan skurð. Sanda þarf meðfram strengnum og er áætluð efnisþörf um 5.000 m<sup>3</sup>. Þegar verkinu er lokið verður gengið frá yfirborði lands, umframefni jafnað út og tól og tæki flutt á brott. Varðandi frágang þá ert er gert ráð fyrir að endurnýta svarðlag ofan af skurði þar sem hægt er en annars verði sáð í skurðasár þar sem land er gróið með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Framkvæmdartími og frágangur er áætlaður nokkrir mánuðir og verður það að megninu til yfir sumartíma sökum hæðar yfir sjávarmáli.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að krafa sé gerð til verktaka að tæki sem notuð verði við framkvæmdir verði í fullkomnu lagi og verði yfirfarin af Vinnueftirlitinu eða öðrum hæfum aðila. Að öðru leiti telji heilbrigðiseftirlitið að vel sé gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum og að framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á fyrstu 1,2 km frá tengivirki á Þeistareykjum fari jarðstrengurinn meðfram Þeistareykjavegi og sé þá á mörkum óraskaðs mólendis og endurheimts mólendis sem hafi verið grætt upp að loknum framkvæmdum við veginn og Þeistareykjalínu 2. Eftir það fylgi hann gamla Þeistareykjaveginum um flatt og gróið mólendi. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sé fjalldrapamóavist, sem hafi miðlungs verndargildi, ríkjandi vistgerð á svæðinu en einnig sé töluvert um víðikjarrvist sem hafi mjög hátt verndargildi. Fram kemur að þar sem grafa þurfi strenginn meðfram veginum fylgi því óhjákvæmilega rask á gróðri en framkvæmdaraðili muni reyna að fara eins lítið út fyrir veginn og mögulegt sé en líklega verði um 2-3 m ræma meðfram veginum sem muni raskast. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili muni halda svarðlagi í heilu lagi þar sem það sé hægt og endurnýta að loknum framkvæmdum en annars verði sáð í skurðasár með tegundum í samræmi við núverandi gróður.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að gróðri sé gerð góð skil og að í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar séu ekki skráðar válistaplöntur á strengleiðinni. Bent er á að þar sem aðfluttur sandur verði lagður meðfram strengnum þurfi að gæta þess að ekki berist framandi plöntutegundir með honum inn á svæðið.

Í umsögn Norðurbings kemur fram að tekið sé undir með framkvæmdaraðila um að vel hafi tekist til við að þekja röskunarsvæði fyrri framkvæmda á Þeistareykjum með staðargróðri og vænt er þess að hliðstæður árangur náist í fyrirhugaðri framkvæmd.

### Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að strengleiðin öll sé í hrauni sem falli undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Fram kemur að víða sé gróðurlagið á strengleiðinni það þunnt að fleyga þurfi strenginn ofan í hraunið. Mögulegt sé að fleyga skurðinn í riflega hálfth hefðbundið dýpi og stafla uppgröfnu efni yfir skurðstæðið að verki loknu, þó þannig að fullt dýpi náist á strenginn, þannig verði lágmarksröskun á hrauninu.



Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að strengleiðin sé öll á Skildingahrauni sem sé nútímahraun sem njóti sérstakrar verndar en að á hrauninu sé jarðvegs og gróðurhula svo lítið sjáist í hraunmyndanir. Strengleiðin sneiði að mestu framhjá rishólum sem standi upp úr og sprungum í hrauninu og telur stofnunin því að ekki verði mikið rask á jarðminjum.

### **Áhrif á verndarsvæði**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nyrsti hluti strengleiðarinnar, um 350 m, lendi innan fjarsvæðis vatnsverndar. Vatnsbólið sjálft í Lónum sé í rúmlega 16 km fjarlægð í beinni loftlínu. Fram kemur að að samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna vinnu innan fjarsvæðis vatnsverndar.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 né Aðalskipulag Norðurbings 2010-2030. Hafið er samráð og vinna við aðalskipulagsbreytingar hjá báðum sveitarfélögum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Þingeyjarsveitar og Norðurbings samkvæmt skipulaglögum. Fram kemur að samþykki Orkuskipti liggja fyrir í Kerfisáætlun 2021-2030, auk þess sem samráð verði haft við veghaldara vegna vinnu nálægt nýja Þeistareykjavegi og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna vinnu innan fjarsvæðis vatnsverndar.

## **6 Niðurstaða**

Um er að ræða lagningu jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu<sup>1</sup>. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða og sérstæðra jarðmyndana sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifanna og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil og fer fram á svæði sem er að einhverju leyti nú þegar raskað vegna vegslóða. Strengurinn verður niðurgrafinn og mun því ekki sjást þegar gróðurrask á yfirborði hefur gróið með tímanum. Framkvæmdasvæðið er allt í hrauni sem nýtur sérstakrar verndar sem hefur þó að einhverju leyti glatað verndargildi sínu vegna jarðvegs og gróðurhulu. Með tilliti til framangreinds og fyrirhugaðar verktilhögunar má ætla að rask hrauni verði takmarkað og að áhrif á jarðminjar verði ekki mikil. Lítil hluti leiðarinnar fer um fjarsvæði vatnsverndar en vatnsbólið sjálft er í nokkurri fjarlægð og framkvæmdaraðili hyggst vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna vinnu innan svæðisins. Áhrif framkvæmdarinnar verða fyrst og fremst af völdum rasks á gróðri en með þeim mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili kynnir verði áhrif á gróður takmörkuð. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. október 2022.

Reykjavík, 21. september 2022

Egill Þórarinsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir